

auglýsing nr. 528, 5. nóvember 1991, um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa og auglýsing nr. 68, 11. febrúar 1994, um útreikning afla skipa er salta afla um borð.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993
um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 1998 að telja um 4% frá því sem þau voru í ágúst 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Eigendum sláturfjár, hvort sem þeir eru beingreiðsluhafar eða ekki, er skylt að taka þátt í útflutningi og sæta útflutningsuppgjöri fyrir framleiðslu sína í því hlutfalli sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert. Heimilt er að ákveða mismunandi hlutfall útflutnings fyrir dilkakjöt og fyrir kjöt af fullorðnu fé. Útflutningshlutfall skal reikna af allri framleiðslu viðkomandi aðila eftir gæðaflokkum, með þeim undantekningum sem reglugerð þessi kveður á um.

2. gr.

Sláturleyfishafi, sem tekur á móti sauðfé til slátrunar, er ábyrgur fyrir því að útflutningsskil eigenda þess sláturfjár er hann tekur við fari fram eftir ákvörðun ráðherra um útflutningshlutfall. Þó skal eiganda sláturfjár heimilt að gera samning við einn sláturleyfishafa um að annast allan útflutning fyrir sig þótt hann slátri einnig hjá öðrum sláturleyfishöfum. Slíkir samningar skulu miðast við að slátrað sé hjá þeim sláturleyfishafa, sem samið er um útflutning við, fyllilega sem svarar útflutningskyldu viðkomandi framleiðanda.